

G. dís

**51. fundur haldin í sveitarstjórn Langanesbyggðar  
Fimmtudaginn 15. október 2009 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.**

Mæt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Agnar Jónsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Jóhanna Helgadóttir, Gunnólfur Lárusson og Björn G. Björnsson sem ritaði fundagerð á tölvu.

Oddviti bauð fundamenn velkomna, spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundaboðun.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundaboðun.

**DAGSKRÁ:**

**I. Fundargerðir nefnda og ráða.**

- a. Fundagerð sveitarstjórnar dags. 06.10.2009  
*Fundagerðin lögð fram til kynningar.*  
Til máls tóku:
- b. Fundagerð USB dags. 09.10.2009  
*Fundagerðin lögð fram til samþykktar.*  
Samþykkt samhljóða  
Til máls tóku:
- c. Fundagerð Hj.dv. Naust dags.08.10.2009  
*Fundagerðin lögð fram til samþykktar.*  
*Í lið A er samningur um viðveru læknis kr. 150.000 á mánuði.*  
*Liður B samningur vegna Hjúkrunarfræðings kr. 390.000 á mánuði.*  
Liður A og B samþykkt samhljóða  
Fundargerð samþykkt samhljóða  
Til máls tóku: SRK,HS,ST,JH
- d. Fundagerð Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags 02.10.2009  
*Fundagerðin lögð fram til kynninga en Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur heilshugar undir þær þrjár ályktanir sem lagðar voru fram á fundinum en þær eru eftirfarandi.*  
**1. Um styrk til orkusparandi aðgerða.**  
*Skorað á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir því að nægjanlegt fjármagn verði tryggt á fjárlögum 2010 til orkusparandi aðgerða.*

**2. Um Jarðhitaleit.**

*Skorað á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir því að fjármagn verði tryggt á fjárlögum 2010 til jarðhitaleitarátaks. Jafnframt er því beint til ráðherra að stuðningur við jarðhitaleit verði sérstakur fjárlagaliður eins og er í fjárlögum 2009*

Jóhanna Helgadóttir

### 3. Um niðurgreiðslu á raforku til húshitunar.

Skorað á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir auknum niðurgreiðslum á hitunarkostnaði með raforku, þannig að kostnaður þeirra er nota raforku til húshitunar verði ekki meiri en hjá notendum meðaldýrra hitaveitna.

#### Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku:

- e. Ályktanir aðalfundar Eypings 25-26 september 2009

Fundagerðin lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur heilshugar undir ályktanir aðalfundar Eypings haldinn 25-26 september síðastliðinn.

Samþykkt samhljóða

Til máls tóku: HS, SS, SRK, NSH, AJ

- f. Leiðbeiningar vegna samreksturs leik-, grunn- og tónlistarskóla.

Bréf frá SÍS þar sem verið er verið að kynna leiðbeiningar til að auðvelda sveitarstjórnarmönnum og öðrum hagsmunaaðilum að meta kosti samreksturs og hvernig best er að undirbúa og koma á slíkum breytingum.

Lagt fram til kynningar.

Til máls tóku: HS, SRK, AJ, HS

- g. Verktíloð vegna stjórnskipulags og starfsmannamála.

Um er að ræða Verktíloð frá Stjórnsýsluráðgjöf ehf. kr. 960.000 til að vinna að greiningu, stefnumótun og stjórnskipulagi fyrir Langanesbyggð.

Lagt fram til kynningar.

Til máls tóku:

- h. Bréf frá Samorku dags. 25.09.2009

Í bréfi þessu er verið að óska eftir tillögum að fyrirlestrum á Norrænu Vatnsveituráðstefnuna sem haldinn verður 7-9 júní 2010

Lagt fram til kynningar.

Til máls tóku:

- i. Ósk um styrk dags. 08.10.2009

Kristín Sigurðardóttir óskar í bréfi eftir styrk vegna skíðanámskeiðs í Colorado.

Erindinu hafnað með 4 atkvæðum gegn 3

Til máls tóku: SRK, SHS

- j. Rekstra- og sjóðsstreymisyfirlit.

Farið var yfir fyrstu útgáfu af endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2009 samþykkt að stefna að fyrri umræðu á endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2009 á næsta sveitarstjórnarfundum

Til máls tóku: Allir

Fundagerðin ekki lesin upp og samþykkt  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:43

*Sigrún Þ.*  
Hilma Steinarsdóttir  
Hludal Sigurðardóttir  
Agnar Þórisson

*Jóna Ólafur Jónsson*  
Nanna Höskuldsdóttir  
Jóhanna Helgadóttir  
Sigurður Þorsteinsson